

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *1. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 14. júní 2006, kl. 14:00.

**DAGSKRÁ:**

1. Fundarsetning.
2. Kosning oddvita og varaoddvita.
3. Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra.
4. Fulltrúi í Héraðsnefnd.
5. Hlið ferðapjónusta.
6. Sparkvallaráttak KSÍ.
7. Bréf frá Landgræðslunni dags. 8. júní.
8. Erindi frá Laufeyju Sigurðardóttur.
9. Fundargerð skólanefndar frá 6. júní.
10. Málefni sveitarstjóra.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Böðvar Pétursson, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir.

**1. Fundarsetning.**

Aldursforseti nýrrar sveitarstjórnar Kristján Stefánsson setti fund og bauð nýkjörna sveitarstjórnarmenn velkomna.  
Óskað var eftir að máli 9 og 10 yrði bætt á dagskrá.  
Samþykkt samhljóða.

**2. Kosning oddvita og varaoddvita.**

Böðvar Péturson gerði tillögu um að Margrét Hólm Valsdóttir yrði kjörin oddviti til eins árs.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Að kjöri oddvita loknu tók nýkjörin oddviti við stjórn fundarins og vonaðist eftir góðu samstarfi. Hún gerði tillögum um að Böðvar Pétursson yrði kjörin varaoddviti til eins árs.

Tillagan samþykkt samhljóða.

### 3. Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra.

Aðalfundur dvalarheimilis aldraðara er boðaður 23. júní n.k. Samþykkt að Dabjört yrði aðalmaður og Ingunn til vara.

### 4. Fulltrúi í Héraðsnefnd.

Samþykkt að Margrét verði aðalmaður í Hérðasnefnd og Böðvar til vara.

### 5. Hlið ferðapjónusta.

Kristján fór yfir málið nýjum sveitarstjórnarmönnum til upplýsinga.

Ýmsar umræður urðu og samþykkt að Kristján yrði í sambandi við Gísla um framhaldið.

### 6. Sparkvallaráttak KSÍ.

Á fundi sveitstjórnar 16. maí s.l. var frestað að taka endanlega ákvörðum um hvort Skútustaðahreppur ætlaði að taka þátt í sparkvallaráttaki KSÍ.

Samþykkt að varaoddviti kanni hver kostnaður sveitarfélagsins gæti orðið.

### 7. Bréf frá Landgræðslunni dags. 8. júní.

Borist hefur bréf frá Landgræðslunni dags. 8. júní þar sem Landgræðslan lýsir ánægju sinni með að samþykkt hafi verið landbóta- og landnýtingaráætlun fyrir Skútustaðahrepp. Hins vegar gerir Landgræðslan alvarlegar athugasemdir við að fé skulu vera komið á beit á Austurfjöllum án þess að samráð hafi verið haft við stofnunina um upprekstartíma. Því mun Landgræðslan að liðnum andmælafresti sem er 14 dagar frá dagsetningu bréfsins og ef að ekki næst samkomulag um úrbætur, kynna framkvæmdanefnd búvörusamninga að framleiðendur sem stóðu að áætluninni uppfylli ekki skilyrði um landnýtingarþátt gæðastýringar í framleiðslu sauðfjárafurða.

Ljós er að ekki hefur verið rétt af stað farið. Samþykkt að leita eftir fundi með Landgræðslunni svo að hægt verði að koma þessum málum í réttan farveg héðan í frá.

### 8. Erindi frá Laufeyju Sigurðardóttur.

Borist hefur bréf frá Laufeyju Sigurðardóttur f.h. Músík í Mývatnssveit dags.

3. júní. þar sem þökkað er samstarf liðinna ára, jafnframt er bent á að á næsta ári 2007 verður 10 ára afmæli hátíðarinnar. Því er spurt hvort áhugi og vilji sé hjá sveitarstjórn að styðja við bakið á framtakinu.

Sveitarstjórn samþykkir að taka jákvætt í erindið.

### 9. Fundargerð skólanefndar frá 6. júní.

Sveitarstjórn samþykkir 2. lið fundargerðarinnar sem fjallar um kennararáðningar, aðrir liðir þarfnast ekki ályktunar við.

### 10. Málefni sveitarstjóra.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa starf sveitarstjóra laust til umsóknar, jafnframt er oddvita falið að semja við Guðrúnu M. Valgeirsdóttur að hún gegni starfi sveitarstjóra til 15. ágúst.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hóm Valsdóttir,  
Böðvar Pétursson,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir.